

Eystrahorn

18. tbl. 39. árgangur

Miðvikudagurinn 12. maí 2021

www.eystrahorn.is

Konsert á Fagurhólmsmýri

Laugardaginn 15. maí klukkan 15:00 mun gítarleikarinn gímaldin flytja verkið Jessica Joneses own Ringtone Reggae Theme Song í Gamla sláturhúsinu á Fagurhólmsmýri. Verkið er 5ti og nýjasti hlutinn í serial verkinu Kinly Related Metal-Reggae, sem er í grunninn gítarsinfóníettur sem mætast á nokkrum sameiginlegum sviðum, einsog metal, elektró og reggae. Verkið er búið í myndræna umgjörð sem er í senn gjörningur og sýning, hönnuð af Evu Bjarnadóttur listamanni og sýningarstjóra í Vinnustofunni - Gamla sláturhúsinu. Eftir sýninguna, klukkan 16:00, verður boðið upp á gönguferð með Sigrúnu Sigurgeirsdóttur fyrir neðan Hamrana á Fagurhólmsmýri.

Sýningin er fyrir alla aldurshópa og boðið verður upp á léttar veitingar. Opið verður eftir samkomulagi fram á miðvikudaginn 19. maí. Hægt er að hafa samband við Evu á facebook eða á evabjarna@hotmail.com.

Í einni af fjölmörgum heimsóknum Gísla Magnússonar á Fagurhólmsmýri á undanförunum vikum settust Eva og Gísli saman niður, Eva í hlutverki spyrils en Gísli í hlutverki viðmælanda.

Hver er Gísli Magnússon?

Gísli Magnússon er gítarleikari og fjölfræðingur, filólóg og líka gímaldin.

Hvernig tónlist gerir gímaldin?

Það er sjálfsagt flest allt nokkurskonar gítartónlist í grunninn, en ytri mörk hafa verið mjög færanleg. Allt frá íslensku ameríkana (heyr 5tu herdeildina og Vodka Songs), yfir í eþnó metal (Thú ert nömbur og Gímaffinn kemur), yfir í franskt elektró (Holofernes 1 og 2 og Eurovision Ré C Ktúr) og síðast en ekki síst rímur og reggae (gímaldin og Haffi syngja rímur)

Hver er Jessica Jones?

Jessica Jones er Marvel hetja sem var jaðarkarakter uns Netflix gerði býsna góðar seríur um hana. Þetta verður eiginlega að útskýra sem 2 alólíka karaktera, Netflix Jessica og kómix seríur seinustu árin mynda heilsteyptan karakter sem stendur 100 prósent fyrir sínu, en sé það sett í samband við uppruna karakterins þá kemur í ljós að hún er svona endurreistur kvenkarakter – hliðar karakter einsog Karen Page úr Daredevil. Hún birtist upprunalega sem vinkona Kongulóarmannsins og fer í gegnum nokkur meikóver, búninga og jafnvel nafnaskiptingar



Gísli inn í myndrænni umgjörð sem Eva hannaði

þangað til hún verður sirkabát karakterinn sem Netflix gerir síðan seríuna um.

Hin endanlega JJ er mikill nagli, einkaspæjari með ofurkrafta og heila búslóð af tilfinningaböggjum.

Hvers konar viðburði eigum við von á í sláturhúsinu á Fagurhólmsmýri?

Vonandi veisla fyrir auga og eyra, unaðstund í náttúru, töfrar, samhljómur og heilun.

Hvað ertu búinn að hafa fyrir stafni í kóvíð?

Það er ýmislegt, síðasta platan með

Hafþóri Ólafssyni kom til dæmis alfarið til útaf kóvíð, sem og túrarnir til að kynna hana - bæði sá sem varð og ekki síður sá sem ekki varð.

Reyndar er alveg gríðarlega margt sem aldrei varð, frestaðist eða breyttist einhvernvegin útaf kóvíð.

Er Gísli Magnússon í einhverjum öðrum verkefnum?

Hef verið að dufla aðeins við að þýða rússneskar bílínur og söguljóð, en það er eitthvað í það komi í dagsljósið, þannig það má ekki segja mikið meira.

Hægt er að nálgast blaðið og eldri blöð á www.eystrahorn.is



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



HEILSUFÉLAGIÐ
Sveitarfélagið Hornafjörður
veitðan fyrir alla

Breyting á aðalskipulagi vegna efnistöku á Suðurfjörum

Bæjarstjórn samþykkti þann 11. mars 2021 að auglýsa lýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felur í sér að heimila efnistöku fyrir allt að 2.000 m³ í Suðurfjörum skammt vestan Hornafjarðar í landi Borgar.

Helstu markmið breytingarinnar er að skilgreina heimild til efnistöku fyrir allt að 2.000 m³ á svæði/svæðum sem samanlagt verða undir 25.000 m². Efnistöku verður harpað á staðnum og flutt út til frekari rannsókna. Ef rannsóknir á efninu koma vel út og fyrirhuguð verður að fara í vinnslu efnis verður gerð önnur breyting á aðalskipulagi og metið hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Sveitarfélagið Hornafjörður óskar eftir umsögnum vegna lýsingu á aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulagi skv. skipulagslögum. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 26. maí 2021 og skal skila skriflega á bæjarskrifstofur Hornafjarðar, Hafnarbraut 27, 780 Höfn eða á netfangið skipulag@hornafjordur.is

*Brynja Dögg Ingólfssdóttir
umhverfis- og skipulagsstjóri Sveitarfélagsins
Hornafjarðar.*



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Styrktaraskrift Eystrahorns

1 Farðu inn á heimasíðu Eystrahorns



www.eystrahorn.is/styrktaraskrift

2 Veldu mánaðarlega upphæð



3 Skráðu inn kortanúmer í öruggt áskriftarkerfi

Pitt framlag styrkir útgáfu blaðsins, kærar þakkir

✉ eystrahorn@eystrahorn.is

🌐 www.eystrahorn.is

☎ sími: 848-3933



FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA



AÐALFUNDUR

Félags eldri Hornfirðinga
Verður haldinn í Ekru **fimmtudaginn
20. maí kl. 17:00**

Venjuleg aðalfundarstörf.
Léttar veitingar í lokin.

Stjórnin.

Húsmæðraorlof 2021

**Orlofsferð austur-skaftfellskra kvenna verður
farin dagana 11.-13. júní n.k.**

Farið verður á Austurland og ekið um Öxi og dvalið á Hótel Eyvindará.

Skoðunarferð með leiðsögn um Fljótsdalshérað á laugardeginum og sameiginlegur kvöldverður á Gistihúsinu – Lake hótél Egilsstaðir.

Heimferð með leiðsögn á sunnudeginum um firði með viðkomu á völdum stöðum.

Áætluð brottför á föstudegi kl. 10:00 og heimkoma á sunnudegi kl. 18:00.

Ferðin er niðurgreidd af orlofssjóði húsmæðra en hámarks viðbótarkostnaður á konu er áætlaður 65 þúsund krónur en fer eftir fjölda kvenna. Mikið innfalið. Vinsamlega skráið þátttöku **fyrir 23. maí (hvítasunnudag)** til einhverra undirritaðra orlofsnefndarkvenna.

Staðfestingargjald er 10 þúsund krónur og skal greiða við bókun, fyrr eru konur ekki skráðar á farþegaalista.

Ganga þarf frá greiðslu eftirstöðva eigi síðar en viku fyrir brottför þ.e. föstudaginn 4. júní.

**Bnr. 0172-15-200007 kt.550269-5119
og geta nafns í skýringu.**

Stofnaður verður fésbókarhópur þeirra sem **skrá sig í ferðina**. Þar verða frekari upplýsingar. Orlofsnefndarkonur veita einnig nánari upplýsingar.

Allt með fyrirvara um Covidframvindu.

Eydís; 894-7830 – Sigurlaug; 478-1029/867-8036 –
Steina; 478-1047/848-0047

**Sigríður Sveinsdóttir Háls-nef og
eyrnalæknir** verður með stofu á
heilsugæslustöðinni dagana
27. og 28. maí n.k.

Tímamantanir á www.heilsuvera.is og í síma
432-2900 virka daga milli kl. 09:00-14:00



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Listasýning í Svavarssafni

Laugardaginn 15. maí næstkomandi opnar sýning Bjarka Bragasonar sem ber heitið „SAMTÍMIS – SYNCHRONOUS“ í Svavarssafni kl. 17:00. Sýningin er hluti af sýningarröð Listasafns ASÍ, þar sem einkasýningar valinna listamanna eru skipulagðar á tveimur stöðum á landinu. Staðirnir sem urðu fyrir valinu fyrir sýningu Bjarka eru Höfn í Hornafirði og Kópavogur. Viðfangsefni sýninganna tengjast báðum þessum stöðum nánnum böndum, annars vegar rannsóknnum hans á Breiðamerkurjökli og hins vegar garði ömmu hans og afa við Kópavogsbraut í Kópavogi. Fyrri sýningin verður á Höfn í Hornafirði eins og fyrr segir og vonir standa til að sýningin í Kópavogi geti orðið seinna á árinu.

Bjarki er þriðji listamaðurinn sem velst til þátttöku í þessari sýningarröð. Sýningin - SAMTÍMIS - fjallar um skörun á jarðsögulegum og mennskum tíma. Rannsóknarferlið hefur hverfst um speglun á tveimur trjám frá ólíkum tímum og stöðum. Í verkum Bjarka á sýningunni birtast annarsvegar trjáleifar sem fundust við rætur Breiðamerkurjökuls og hafa verið grafnar í jarðvegi þar í um þrjú þúsund ár og hinsvegar leifar af fornu tré í Sagehen skóginum í Sierra Nevada fjöllum Kaliforníu. Bjarki hefur í



rannsókn sinni átt samtali við einstaklinga í ólíkum fögum á borð við jarðfræði, líffræði og fornleifafræði, tekið þátt í leiðangri á vegum Náttúrustofu

Suðausturlands og dvalið í gestavinnustofu við Sagehen Creek Field Station, hluta af Kaliforníuháskóla í Berkeley í rannsóknarskóginum í Sagehen. Vinnustofudvöl listamanna við rannsóknarstöðina er í samstarfi við Miðstöð umhverfis og myndlistar við Nevada Museum of Art.

Bjarki er fæddur í Reykjavík 1983. Hann lærði myndlist við Red Cross Nordic United World College í Noregi, Listaháskóla Íslands, Universität der Künste í Berlín og lauk framhaldsnámi við CalArts í Los Angeles. Árið 2008 hlaut Bjarki styrk úr sjóði



Guðmundu Andrésdóttur sem Listasafn Íslands veitir og síðar Lovelace Scholarship frá CalArts til framhaldsnáms auk þess sem hann fékk fyrstu verðlaun Listasjóðs Dungals. Hann hefur tekið þátt í fjölda samsýninga og haldið einkasýningar alþjóðlega. Verk hans eru

m.a. í safneign Listasafns ASÍ, Nýlistasafnsins, Listasafns Íslands, Gerðarsafns, stofnana og einkasafna á Íslandi og erlendis.

Við hvetjum lesendur að mæta á opnunina, það kostar ekkert inn og eru allir velkomnir.

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Sjálfstæðisfélags A-Skaft verður haldinn mánudaginn 17. maí klukkan 20:00 í húsi félagsins að Kirkjubraut 3.

Venjuleg aðalfundarstörf

Allir velkomnir.

Stjórnin

D



Bifreiðaskoðun á Höfn

17., 18. og 19. maí.

Tímappantanið í síma 570-9090 fyrir kl. 16:00 föstudaginn 14. maí. Næsta skoðun 21., 22. og 23. júní

Frumherji

Þegar vel er skoðað

Skógræktarfélag Austur-Skaftafellssýslu



Skógræktarfélag Austur-Skaftafellssýslu rekur tvö skógræktarsvæði, annað þeirra er í Haukafelli á Mýrum í landi félagsins en það hefur verið eigandi þess síðan 1985. Hitt svæðið er við Drápskletta á Höfn, nánar tiltekið milli gömlu motocrossbrautarinnar og hesthúsahverfisins í Ægissíðu.


Í Haukafelli er risinn myndarlegur skógur og hefur verið mikið verið plantað í svæðið frá því að Skógræktin eignaðist það. Í Haukafelli er salernisaðstaða og rekur félagið tjaldsvæði á staðnum. Nú er nýlokið smíði á salernisaðstöðu fyrir hreyfihamlaða sem verður flutt á svæðið í sumar. Fyrirhugaðar eru framkvæmdir við vatnsból til að tryggja drykkjarhæft vatn en vegna vatnsskorts þurfti að hafa tjaldsvæðið lokað á síðasta ári.

Um svæðið liggja merktar gönguleiðir auk þess sem að hægt er að ganga yfir Kolgrafardalsá á göngubrú að Fláajökli og Hólmsá. Eftir framkvæmdir við aðkomuvegin að svæðinu á síðastliðnu ári er hann orðinn vel fær öllum bílum. Í desember hefur myndast sú hefð að félagið selur jólatré sem fólk fellir sjálft. Aðstoða jólasveinarnir úr Fláfjalli þá við valið á jólatrjám og boðið er upp á kakó og smákökur.

Svæðið við Drápskletta hefur verið í umsjón félagsins síðan um síðustu aldamót og er þar farin að myndast skjólsæll skógur. Nemendur í Grunnskóla Hornafjarðar hafa verið duglegir að planta í svæðið og á síðasta ári plöntuðu félagar í Björgunarfélagi Hornafjarðar plöntum sem seldust í gegnum verkefnið Skjótum rótum.

Fyrir þá sem hafa áhuga á að taka þátt í skógræktarstarfi félagsins og byggja upp öflug útivistarsvæði á svæðinu bendum við á vinnudag félagsins sem haldinn verður í Haukafelli fimmtudaginn 13. maí kl. 11:00. Nýir sem núverandi meðlimir velkomnir.

Eystrahorn



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi: HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes

Umbrot: Tjörvi Óskarsson

Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126

Kosning utan kjörfundar í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins

**Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar í
prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í
Suðurkjördæmi 29. maí er hafin.**

Kosið er í Sjálfstæðishúsinu á Höfn

Opnunartímar:

- Til 24. maí eftir samkomulagi við undirkjörstjórn í sínum 858-7500 eða 866-8300.
- 25. – 28. maí frá kl. 17:00 til 19:00.

Upplýsingar um frambjóðendur og atkvæðagreiðslu utan kjörfundar á öðrum svæðum í kjördæminu má finna á xd.is.
Grimuskylda á kjörstað.

Yfirkjörstjórn

D



SUNDLAUG HORNAFJARÐAR Sumaropnun

Viljum minna á sumaropnun hjá Sundlug Hornafjarðar er frá 15. maí til 30. september

Mánudaga til föstudaga 06-45 - 21:00
Laugardaga og sunnudaga 10:00 - 19:00

Starfsfólk íþróttamiðstöðvar Hornafjarðar



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is